

Aðalfundur Félags kvenna í atvinnulífinu, FKA

Fimmtudaginn 22. maí 2025, klukkan 17:30

Aðalfundur Félags kvenna í atvinnulífinu, kt. 710599-2979, Borgartúni 35, 105 Reykjavík (hér eftir „FKA“ eða „félagið“), var haldinn í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík og með rafrænum hætti í gegnum streymi klukkan 17:30 fimmtudaginn 22. maí 2025.

Dagskrá fundarins var svohljóðandi í samræmi við fundarboðun og lög félagsins:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár kynntur og borinn upp til samþykktar.
4. Ákvörðun félagsgjalds.
5. Skýrslur starfsnefnda.
6. Lagabreytingar
7. Lýsing á kjöri formanns, stjórnar, nefnda og ráða.
8. Kosning skoðunarmanns reikninga og eins til vara.
9. Önnur mál.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Unnur Elva Arnardóttir, fráfarandi formaður FKA setti fundinn fyrir hönd stjórnar og bauð félagskonur velkomnar. Hún lagði fram tillögu um að tilnefna Erlu Ósk Ásgeirsdóttur stjórnarkonu LeiðtogaAuðs FKA, stjórnarmanns í Bláa lóninu og Festu - miðstöð um sjálfbærni. Fundarstjóri tilnefndi Hafðísi Perlu Hafsteinsdóttur lögmann og eiganda 3H-Ráðgjöf ehf. sem fundarritara. Enginn hreyfði andmælum og voru tillögurnar samþykktar.

2. Skýrsla stjórnar

Unnur Elva Arnardóttir, formaður FKA og Guðrún Gunnarsdóttir, stjórnarkona FKA og framkvæmdastjóri Fastus, fóru yfir skýrslu stjórnar, hreyfiaflsverkefni og starfsemi deilda á liðnu starfsári, þar á meðal fræðslu, jafnvægisvog, viðurkenningarhátíð o.fl. Var sérstaklega fjallað um jafnvægisvogina og það var ánægjulegt að samstarfskonur okkar hjá Pipar/TBWA fengu í ár 10 tilnefningar í 9 flokkum til Lúðursins, íslensku auglýsingaverðlaunanna. Viðurkenningarhátíð FKA var haldin þar sem Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir Creditinfo á Íslandi, Geirlaug Þorvaldsdóttir eigandi Hótel Holts og Arnhildur Pálmadóttir arkitekt voru heiðraðar í ár. Guðrún fór yfir verkefni FKA Framtíðar á starfsárinu og AtvinnurekendaAuðs. Ný heimasíða var kynnt á Sýnileikadeginum sem fram fór í Arion banka fimmta árið í röð.

3. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár kynntur og borinn upp til samþykktar

Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir, gjaldkeri stjórnar, fór yfir ársreikning félagsins fyrir liðið starfsár en reikningurinn var birtur félagskonum á kjörvef félagsins. Hún gerði grein fyrir því að félagið væri vel rekið og að staðan væri góð. Hún vakti athygli á því að aukning á kostnaði fór m.a. í uppsetningu á nýrri heimasíðu. Einnig vakti hún athygli á því að á síðasta ári fengust kr. 1.890.937 í fjármagnstekjur. Tap félagsins árið 2024 var kr. 2.527.978 en eigið fé félagsins um áramót 2024/2025 var kr. 30.419.873.

Eftir umræður og fyrirspurnir var ársreikningurinn borinn upp til samþykktar fundarins og var hann samþykktur einróma með lófaklappi.

4. Ákvörðun félagsgjalda

Félagsgjöld á fyrra starfsári voru kr. 28.400 og var lögð fram tillaga um að hækka félagsgjöld upp í kr. 32.000 á næsta starfsári.

Niðurstaða kosninganna var að tillögunni um hækkun félagsgjalda var hafnað með tíu atkvæðum.

5. Skýrslur starfsnefnda og deilda

Andrea Róbertsdóttir, framkvæmdastjóri FKA, fór yfir liðið starfsár hjá nefndum og landsbyggðadeildum félagsins sem dreifðar eru um allt landið.

Fjölbreytt og gott starf fór fram hjá öllum einingum um land allt og var farið yfir það helsta sem fram fór á síðasta starfsári hjá landsbyggðadeildunum.

Alþjóðanefnd FKA hélt sinn fyrsta viðburð starfsársins í samstarfi við New Icelanders og á dagskrá hjá þeim er ferð til Köben í september.

Fræðslunefnd hélt nýliðamóttöku hjá Hagvangi í október sl. og hjá Saga Story house í febrúar sl. FKA Nýir Íslendingar stóðu fyrir fjáröflun fyrir Kvennaathvarfið, tveggja daga listasýningu í Kirsuberjatréinu og einstakur jólamarkaður nefndarinnar var haldinn í Mathöll Granda.

Nýsköpunarnefnd var með fjölmarga viðburði á árinu og Viðskiptanefnd var m.a. með jólaröltið í Reykjavík að þessu sinni og fyrirtækjaheimsókn til CCP. Þá fór Golfnefndin fyrir golfmóti FKA 2024.

Til hliðar við nefndir á skipuriti eru ýmsir óformlegir hópar starfræktir sem eru með skemmtilegt starf s.s. Fjalladrottingar.

6. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar voru á dagskrá.

7. Kjör formanns, stjórnar, nefnda og ráða

Fundarstjóri gerði grein fyrir þeim konum sem hafa gefið kost á sér í nefndir félagsins til samþykktar með lófaklappi. Þær fengu gott klapp.

Að sama skapi var farið yfir þær konur sem hafa gefið kost á sér í ráð FKA og voru þær kosnar með lófaklappi.

Fundarstjóri kynnti kjörstjórn og bauð Helgu Björgu Steinþórsdóttur, stofnanda og meðeiganda AwareGo, að taka til máls fyrir hönd kjörstjórnar.

Helga Björg gerði grein fyrir þeim fjórum konum sem voru framboði til formanns stjórnar FKA og kynti niðurstöður kosninga.

Í framboði til formanns FKA voru í stafrófsröð:

Fida Abu Libdeh

Grace Archieng

Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir

Sif Jónsdóttir

Formaður stjórnar FKA var kjörin Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir með 137 atkvæðum, eða 37,95% atkvæða.

Auðir seðlar voru 6.

Helga Björg gerði grein fyrir þeim tíu konum sem voru í stjórnarframboði í ár.

Í stjórn voru kjörnar:

Þuríður Halldóra Aradóttir hlaut 132 atkvæði
Hólmfríður Jenný Árnadóttir hlaut 120 atkvæði
Rósa Viggósdóttir hlaut 108 atkvæði
Margrét Hannesdóttir hlaut 107 atkvæði og var kjörin í aðalstjórn til eins árs þar sem hún kemur í staðinn fyrir Ingibjörgu í stjórn félagsins.

Í varastjórn voru kjörnar:

Þórey Hafliðadóttir hlaut 106 atkvæði
Jasmina Vajzovic Crnac hlaut 103 atkvæði

Aðrar hlutu eftirfarandi atkvæði:

Guna Mežule hlaut 83 atkvæði
Emiliya Ivanova-Nikolova hlaut 75 atkvæði
Ingibjörg Kristófersdóttir hlaut 65 atkvæði
Hanna Guðfinna Benediktsdóttir hlaut 60 atkvæði
Nathalia Tómasdóttir hlaut 46 atkvæði

Auðir seðlar voru 26.

8. Kosning skoðunarmanns og vara skoðunarmanns

Tillaga var borin upp um að Nönnu G. Wage Marínósdótti yrði kjörin skoðunarmaður reikninga og að Ingibjörg Guðmundsdóttir yrði kosin skoðunarmaður til vara. Enginn hreyfði við andmælum og var tillagan samþykkt.

9. Önnur mál

Fundarstjóri bauð félagskonum að taka til máls undir þessum dagskrárlið.

Ályktun barst frá landsbyggðanefndum FKA. Sameiginlega vildu þær vekja máls á því að það er munur á að búa á landsbyggðinni og í Reykjavík. Landsbyggðadeildirnar spanna mjög stór svæði og því ýmsar áskoranir við að halda viðburði. Það eru miklar hömlur á þeirra starfi að þurfa að hugsa fjármálin eitt ár í senn. Sú hefð hefur verið að fjármunir eigi að skila sér aftur til aðalfélags eftir árið. Vilji er til að konur á landsbyggðinni eigi rétt á að halda sínum félagsgjöldum í heimabyggð. Engar reglur eru í lögum FKA um skiptingu fjármuna og þannig er ekkert sem kemur í veg fyrir að þessi breyting taki gildi strax. Þær vilja sjá að fulltrúaráð verði virkjað, sbr. 13. gr. laga FKA. Þær vilja einnig vekja máls á landsbyggðaráðstefnunum.

Þannig gert í Reykjavík
22. maí 2025

Erla Ósk Ásgeirsdóttir, fundarstjóri

Hafdís Perla Hafsteinsdóttir, fundarritari